

## Hreppsnefnd Akrahrepps: Fundargerð 19.11.2018

7. fundur 2018 – 2022

Fundur haldinn í hreppsnefnd Akrahrepps.

Fundarstaður: Héðinsminni, frá klukkan 20.00

### Dagskrá:

#### 1. Fjárhagsleg málefni

a) Fjárhagsáætlun 2019.

Oddviti gerir grein fyrir vinnu við gerð fjárhagsáætlunar 2019.

Tillaga að fjárhagsáætlun lögð fyrir hreppsnefnd og tekin til fyrri umræðu.

Hreppsnefnd samþykkir að vísa tillögu að fjárhagsáætlun til annarrar umræðu á fundi hreppsnefndar þann 14. desember.

Lagður fram viðauki 1 við fjárhagsáætlun Akrahrepps 2018.

Bókun:

*Viðaukinn er í fjórum liðum, a) vegna hækkunar á áætluðum skatttekjum um kr. 8.200.000. b) vegna hækkunar á áætluðum tekjum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 10.000.000. c) Hækkun á kostnaði við fræðslu- og uppeldismál að fjárhæð kr. 11.000.000 sem skýrist af mestu af aukinni kostnaðarþáttöku í samrekstri með sveitarfélaginu Skagafirði. d) Hækkun á kostnaði við menningarmál að fjárhæð kr. 8.500.000.*

*Nettó útgjaldaauka vegna viðauka, samtals kr. 1.300.000 er mætt með lækkun á handbæru fé.*

#### 2. Fundargerðir

Fundargerðir frá SSNV lagðar fram til kynningar.

#### 3. Erindi og bréf

- a) Umf. Smárinn, styrkbeiðni. Lagt fram til kynningar og umræðu. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
- b) Félagið *Á Sturlungaslóð*, styrkbeiðni vegna merkingar á sögustöðum og bæta aðgengi og aðstöðu. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
- c) Bréf til eignaraðila byggðasamlagins Róta bs. Óskað eftir undirritaðri samþykkt hreppsnefndar varðandi afskráningu félagsins. Hreppsnefnd samþykkti erindið og oddvita falið að ganga frá málinu.
- d) Ráðningarsamningur við Deloitte vegna endurskoðunar. Samningurinn samþykktur og oddvita falið að ganga frá endurnýjun samnings.
- e) Þrjú erindi lögð fram frá nefndum Alþingis. Umræða fór fram um erindin en ekki þótti ástæða til að senda inn umsögn.
- f) Erindi frá HNV um leyfisveitingar vegna áramótabrenna og eða þrettándabrennu. Oddvita falið að sækja um leyfi fyrir brennu.

#### 4. Önnur mál

Engin önnur mál til umræðu.

Næsti hreppsnefndarfundur ákveðinn þann 14. desember 2018.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 23.30

Drífa Árnadóttir, Þorkell Gíslason, Hrefna Jóhannesdóttir, Einar Gunnarsson og Eyþór Einarsson.